

A.	Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 137, 24. febrúar 1982.	
	I Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um	23%
	II Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um	22%
	III Heimtaugagjöld í þéttbýli. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um	23%
B.	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 99, 24. febrúar 1982, hækki um	23%
	Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 122, 24. febrúar 1982, hækki um	23%

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

27. apríl 1982.

Nr. 224.

REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet maí—desember 1982.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 8. maí 1982 til og með 20. maí 1982, eru allar veiðar í þorskfisknet bannaðar fyrir Vestur- og Suðurlandi á svæði, sem markast af línunum dregnum réttvisandi norður frá Hornbjargi og réttvisandi suðaustur um Papey.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1982 til og með 15. ágúst 1982, eru allar þorskveiðar í net bannaðar.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar í net samkvæmt 1. mgr., má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli yfir 15% af heildarafla einstakrar veiðiferðar verður andvirði þorskafla yfir 15% gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1982.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.